

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Vogum.

Iðndalur, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti á fundi sínum 27. apríl 2022 tillögu að breytingu á gildandi skipulagi fyrir Iðndal. Breytingin felur í sér að byggingarreitur við Iðndal 10a færist um 6,25 m til norðurs en stærð hans er óbreytt. Byggingarreitur við lóð nr. 12 breiðkar um 17 metra, með því verður mögulegt að hafa tvö hús á lóðinni með akstursleið og aðkomu á milli húsanna. Aðrir skilmálar verða óbreyttir. Tillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. Sveitarfélagsins Voga, 24. ágúst 2022,

Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 8. september 2022